

Ed.

153. Breytingartillögur

[41. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá Jóni Þorsteinssyni.

1. Við 2. gr. Í stað „Sjómannafélags Reykjavíkur“ í 1. mgr. komi: Sjómannasambands Íslands.

2. Við 6. gr. Í stað 1. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Heimilt er að breyta afurðaverði til framleiðenda — og þar með söluverði landbúnaðarvara — ársfjórðungslega frá 1. desember, 1. marz og 1. júní vegna breytinga á launum annarra vinnandi stétta á undangengnu þriggja mánaða tímabili, svarandi til þess, að laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara breytist á sama hátt. Ársfjórðungslegar breytingar afurðaverðs og söluverðs skulu aðeins koma fram á afurðum, sem framleiddar eru eftir að breytingin gengur í gildi, og aðeins að því marki, sem verð þessara afurða breytist hlutfallslega í verðlagsgrundvellingnum.

Nú telur framleiðsluráð landbúnaðarins rétt að nota heimild 1. mgr. til verðbreytinga, og skal það þá án tafar tilkynna báðum nefndarhlutum sex manna nefndar áform sitt í því efni. Getur þá hvor nefndarhluti sex manna nefndar krafizt þess, að nefndin taki málið til meðferðar og ákvörðunar og að því verði skotið til yfirnefndar til fullnaðarúrskurðar samkvæmt 3. mgr. 3. gr., ef sex manna nefnd verður ekki sammála um afgreiðslu þess.

3. Við 9. gr. Í stað 2. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Tryggja skal greiðslu á þeim halla, sem bændur kunna að verða fyrir af útflutningi landbúnaðarvara. Þó skal eigi bæta þann halla, sem stafar af útflutningi umfram 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar viðkomandi verðlagsár, miðað við það verð, sem framleiðendur eiga að fá fyrir afurðir sínar samkvæmt verðlagsgrundvellingnum.

Nú hagnast bændur á útflutningi landbúnaðarvara, og skal sá hagnaður þá koma til frádráttar í verðlagsgrundvellingnum á næsta verðlagsári.